

Benchmark Genetics Iceland hf.
Bæjarhrauni 14
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 4. maí 2021
UST202103-153/H.S.J.
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 29.3.2021, hjá Benchmark Genetics Iceland hf.
Kollafirði og samþykkt úrbótaáætlunar**

Þann 29. mars sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Benchmark Genetics Iceland hf. Kollafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:

1. gr. 1.1 í starfsleyfisskilyrðum. Starfsleyfi heimilar ársframleiðslu allt að 20 tonnum. Framleiðsla ársins 2020 var umfram það eða rétt rúm 20 tonn. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila dags. 31.3 sl. áætlað rekstraraðili að minnka umfang á árinu 2021 til að vera innan marka leyfis.

Í eftirliti ársins 2019 var skráð frávik sama efnis og hér að ofan, vegna framleiðslu áranna 2017 og 2018 en framleiðsla fór umfram 20 tonn bæði árin. Úrbótaáætlun rekstraraðila barst dags. 9. desember 2019 og var samþykkt með bréfi Umhverfisstofnunnar 17. mars 2020. Þar var fjallað um áætlaðar úrbætur rekstraraðila sem áttu að verða til þess að framvegis yrði framleiðsla stöðvarinnar innan marka starfsleyfis og taka skyldi úrbæturnar út í næsta eftirliti. Framleiðsla ársins 2019 var undir 20 tonnum en framleiðsla ársins 2020 var hinsvegar meiri en 20 tonn.

Í ljósi framangreindra málsatvika óskaði Umhverfisstofnun eftir því, í tölvupósti dags 29. apríl sl., að fá uppfærða úrbótaáætlun vegna frávikanna, sem tæki á því hvernig rekstraraðili hygðist ganga úr skugga um að framvegis yrði framleiðsla eldisstöðvarinnar innan marka starfsleyfis. Uppfærð úrbótaáætlun barst í tölvupósti dags. 3. maí. Í úrbótaáætlun rekstraraðila eru tilgreindar nokkrar aðferðir sem rekstraraðili hyggst nota til þess að ná ársframleiðslu niður um meira en eitt tonn og þar með halda sig innan marka starfsleyfis. Þar á meðal er fækkun seiða í ákveðnum kerjum, minnkun umframmagns á seiðum fyrir kyngreiningu og hitastigslækkun á eldisvatni til að draga úr vexti. Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbótum verður fylgt eftir í næsta eftirliti stofnunarinnar. Rekstraraðili skal einnig senda upplýsingar um framleiðslu ársins 2021 til eftirlitsaðila eigi síðar en 20. janúar 2022.

Virðingarfyllt

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur